

225

24. nóv.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bráðabirgðalögum frá 12. september 1939 um sölu og útflutning á vörum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1939.

Ólafur Thors.

Vígfús Einarsson.

226

4. des.

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Borgarneshreppi í Mýrasýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922, og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning öðrum en héraðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Borgarneshreppi, og aðgangur er seld að.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

II. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seld að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmt er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá skattgreiðslu fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til eflingar fræðslu- og menningarstarfsemi innan hreppsins.

5. gr.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps hefir eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins, og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann, er nefnist eftirlitsmaður skemmtana.

6. gr.

226

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar, í tæka tíð, alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina.

4. des.

Eigi síðar en 2 dögum eftir að samkomu er lokið skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, er hreppsnefnd stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til hverskonar menningarstarfsemi í Borgarnesbreyppi, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 1000 kr. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar a. m. k. fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 kr.

Mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 4. desember 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

REIKNINGUR

227

yfir tekjur og gjöld Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings 1938.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Veðskuldabréf	kr.	42500.00	
b. Bankavaxtabréf	—	7100.00	
c. Sparisjóðsinnstæða	—	6288.31	
			kr. 55888.31
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum	kr.	2242.50	
b. — bankavaxtabréfum	—	319.50	
c. — sparisjóðsinnstæðu	—	287.48	
			— 2849.48
			Kr. 58737.79